

Mál nr 30/2016

Ár 2017, miðvikudaginn 22. febrúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr.30/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 14. nóvember 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para saman tíkina A við rakkann B þar sem tíkin uppfyllti ekki þær heilsufarskröfur sem gerðar eru fyrir pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 15. nóvember 2016 og henni gefinn frestur til 13. desember til að skila inn andmælum. Ekkert svar barst innan tilskilins andmælafrests og var kærðu send ítrekun með bréfi dagsettu 9. febrúar 2017 og henni gefinn viðbótarsvarfrestur til 16. febrúar sem kærða sinnti ekki heldur. Þar eð sýnt þótti að ekki kæmu fram frekari gögn í málinu þá ákvað siðanefnd að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirliggjandi gögnum.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 7. ágúst 2015. Við pörunina uppfyllti tíkin ekki þær heilsufarskröfur sem gerðar eru til tegundarinnar þar eð niðurstöður úr mjaðmamyndum lágu ekki fyrir en eftir pörun. Hundarnir eru af hundakyninu Siberian Husky og er kærða umráðamaður tíkarinnar og ræktandi gotsins. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða hefur ekki nýtt sér andmælarétt sinn né á nokkurn hátt reynt að útskýra málið þrátt fyrir ítrekuð tilmæli nefndarinnar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Siberian Husky:

„Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.03.2009).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað uppfyllti tíkin ekki þær heilsufarskröfur sem gerðar eru til tegundarinnar þar eð niðurstaða úr mjaðmamyndatöku lá ekki fyrir fyrr en eftir pörun. Niðurstaða mjaðmamynda er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar, hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Tíkin hefur nú verið mjaðmamynduð og reynist vera í lagi. Það breytir þó ekki brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftirá, það gat kærða ekki séð fyrir. Siðanefnd telur þó að þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá verði hæfileg viðurlög við brotinu áminning að þessu sinni.

IV. Niðurstaða.

Kærða, Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Hilmar Sigurgíslason

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir